

Forréttindi síis-fólks

- 1) Fólk gerir ekki ráð fyrir að það megi spyrja mig hvernig kynfæri mín líta út eða hvernig ég stunda kynlíf
- 2) Gildi mitt sem konu/karls er ekki háð því hversu margar aðgerðir ég er búin að fara í né hversu „eðlileg/ur“ kona/karl ég lít út fyrir að vera.
- 3) Þegar ég er að reyna við einhvern þarf ég ekki að hafa áhyggjur af því að viðkomandi muni ekki höndla það hvernig kynfæri mín eru.
- 4) Fólk sem ég stunda kynlíf með þarf yfirleitt ekki að efast um kynhneigð sína vegna þess.
- 5) Ég get gengið að því sem vísu að finna fata- og sturtuklefa við mitt hæfi á sundstöðum, gufuböðum og heilsulindum.
- 6) Fólk spyr mig ekki hvort ég sér búin/n að fara í aðgerðina?
- 7) Fólk segir ekki við mig eða um mig að raunverulega sé ég af því kyni sem mér finnst ég ekki tilheyra.
- 8) Ég þarf ekki að verja ákvarðanir sem ég tek varðandi heilsufar mitt fyrir öðru fólki.
- 9) Fólk spyr mig ekki hvert „alvöru“ nafnið mitt er eða hvað ég hafi heitið áður.
- 10) Fólk notar ekki óviðeigandi persónufornöfn eða rangt málfræðilegt kyn um mig, jafnvel eftir að ég hef bent þeim á hvernig ég kys að fólk tali um og við mig.
- 11) Ég get gengið að því sem vísu að finna salerni við mitt hæfi hvar sem er.
- 12) Hommar, lesbíur og tvíkynhneigt fólk reynir ekki að útiloka mig frá sinni baráttu eða félögum til að öðlast samfélagslega viðurkenningu sem „venjulegt“ fólk.
- 13) Það er ekki litið á kynvitund mína sem „farangur“ af öðru fólki.
- 14) Mér er ekki sagt að kynvitund mín og kynhneigð fari ekki saman.
- 15) Þegar ég fer í ræktina, þá get ég farið í sturtuna á staðnum á eftir.
- 16) Það er ekki litið á öll mín heilsufarslegu vandamál sem afleiðingar kyns míns (stíflað nef? það er örugglega út af hormónunum).
- 17) Heilbrigðiskerfið lítur ekki á mig sem geðveika/n vegna kyns míns.
- 18) Þess er ekki krafist að ég fari í viðamikil sálfræðilegt mat áður en ég fæ grundvallar heilbrigðisþjónustu.
- 19) Heilbrigðiskerfið tekur ekki ákvarðanir fyrir mig um hvað ég geri við líkama minn.
- 20) Ég þarf ekki að bíta í tunguna á mér þegar fólk notar frasa eins og „bæði kynin“.